

Nd.

242. Nefndarálit

[145. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á 6 fundum og átt sameiginlega fundi með sjávarútvegsnefnd efri deildar. Til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS, Sambandi íslenskra fiskframleiðenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landsambandi íslenskra útvegsmanna og Félagi smábátaeigenda.

Forsendur þess, að þetta frumvarp er flutt, eru fyrst og fremst spár fiskifræðinga um ástand helstu nytjafiska okkar. Þær hugmyndir, sem nú liggja fyrir um takmörkun sóknar í fiskstofnana, eru sem næst þessar:

300 þús. tonn af þorski,
60 þús. tonn af ýsu,
70 þús. tonn af ufsa,
100—110 þús. tonn af karfa,
30 þús. tonn af grálúðu.

Þessi aflamörk leiða óhjákvæmilega til stjórnar á veiðunum.

Í nefndinni var ekki ágreiningur milli nefndarmanna um nauðsyn stjórnar. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra aðilja, sem nefndin kallaði á sinn fund, voru sama sinnis.

Á árinu 1984 var gerð könnun á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á viðhorfum útgerðar- og skipstjórnarmanna á svonefndu kvótakerfi. Niðurstaða þeirrar könnunar var að 88,7% svöruðu því játandi að þörf væri á heildarstjórn fiskveiða, 46,3% svöruðu því einnig játandi að stjórna ætti fiskveiðum með aflakvóta á fiskiskip.

Nefndin sér ýmsa ókosti á kvótakerfinu sem aðferð til að stjórna fiskveiðum en aðrar betri leiðir virðast ekki í sjónmáli. Með þeirri aðferð til stjórnar, sem beitt hefur verið og hér er lagt til að verði áfram, hefur tekist að spara í rekstri og auka gæði hráefnisins.

Sjávarútvegurinn er sú atvinnugrein sem öll afkoma þessarar þjóðar byggist á. Með þessu frumvarpi er reynt að komast sem næst því að njóta sem mest og best þess sem hafið hefur að geyma án þess þó að ganga um of á þann stofn er þar vex.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem liggja fyrir á þskj. 243.

Alþingi, 11. des. 1985.

Stefán Guðmundsson,
form., frsm.

Gardar Sigurðsson,
fundaskr.

Halldór Blöndal.

Gunnar G. Schram.

Ingvar Gíslason.